

## Almennar siðareglur starfsmanna ríkisins

Í því skyni að efla fagleg vinnubrögð og auka traust á stjórnsýslunni staðfestir fjármála- og efnahagsráðherra almennar siðareglur starfsmanna ríkisins sem hér fara á eftir, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Við undirbúning reglnanna hefur verið haft samráð við samtök ríkisstarfsmanna, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands og samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna.

Hver starfsmaður gætir að því fyrir sitt leyti að farið sé eftir reglunum. Stjórnendur ríkisstofnana skulu ennfremur sjá til þess að starfsfólki sé kunnugt um reglurnar og að þær séu eðlilegur þáttur í starfi þeirra.

Í vafatilvikum sem upp kunna að koma má leita ráðgjafar hjá samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna, sbr. b-lið 3. mgr. 25. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands. Ennfremur má koma ábendingum á framfæri við umboðsmann Alþingis en hann gætir þess meðal annars að stjórnsýsla fari fram í samræmi við þessar siðareglur, sem settar eru á grundvelli laga nr. 70/1996, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis. Telji einhver að brot á siðareglum hafi jafnframt falið í sér að hann sjálfur hafi verið beittur rangsleitni er unnt að bera fram kvörtun til umboðsmanns Alþingis, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 85/1997.

Siðareglur þessar verður að skoða í samhengi við sértækari siðareglur sem kunna að gilda, sbr. siðareglur fyrir starfsfólk Stjórnarráðs Íslands, nr. B-410/2012, reglur sem settar hafa verið fyrir einstaka stofnanir, sbr. heimild í 3. másl. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 115/2011, og siðareglur fagstétta. Ennfremur eiga siðareglurnar að endurspeglar tiltekin grunngildi í störfum hjá ríkinu eins og heilindi, óhlutdrægni og skilvirkni.

Ríkisstarfsmönnum ber að:

1. Starfa í þágu almennings af vandvirkni, heiðarleika og samkvæmt bestu dómgreind.
2. Tileinka sér vinnubrögð sem skapað geta traust á starfi þeirra og stofnun
3. Vinna gegn sóun og ómarkvissri meðferð fjármuna
4. Efla vitund um jafnrétti og önnur mannréttindi
5. Stuðla að gagnsæjum starfsaðferðum og góðum samskiptum á vinnustað
6. Láta samstarfsfólk njóta sannmælis og sanngirni
7. Gæta að orðspori vinnustaðar í samskiptum utan vinnu
8. Hvetja samstarfsfólk til að leita réttar síns telji það á sér brotið

9. Koma fram við borgarana af háttvísi og virðingu
10. Virða skoðana- og tjáningarfrelsi
11. Forðast hagsmunaárekstra
12. Gæta þess að persónuleg tengsl hafi ekki áhrif á störf þeirra
13. Leita samvinnu um úrlausn mála eftir því sem kostur er
14. Standa vörð um óhlutdrægni og faglegt sjálfstæði
15. Vekja athygli viðeigandi aðila á ólögmetum ákvörðunum og athöfnum
16. Axla ábyrgð á eigin ákvörðunum og athöfnum

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 22. apríl 2013.*

**Katrín Júlíusdóttir**

Guðmundur Árnason